

9. gr.

149

Á hverju hreppaskilæþingi skulu lækningamenn brýna fyrir hreppsbum, að taka alla þá sulli, sem finnast í slátruðu fje og brenna þá. Sömuleiðis skulu þeir iðulega áminna menn um að umgangast hunda mjög varlega og hafa sterka gæzlu á því, að þeir nái ekki í matarilát, eða vatnsilát. Börnum skal ekki leyft að leika sjer að hundum.

10. gr.

Vanræki lækningamenn að framfylgja þessari reglugjörð, varðar það 5—10 kr. sektum, eptir málavöxtum. Sje hundi skotið undan lækningu, af ásettu ráði, eða hirðuleysi, eða sje lækningamönnum sýnd óhlýðni eða móþrói varðar það 5—10 kr. sektum eptir málavöxtum.

Sektirnar renna í sveitarsjóð.

11. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

* * *

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefndinni í Suðurþingeyjarsýslu á aukafundi hennar 5. júlí 1897.

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, 18. sept. 1897.

Steingrímur Jónsson

settur.

Skýrsla

150

um efnahag sýsluvegasjóða í Austuramtinu 1896.

I. Norðurþingeyjarsýsla.

Tekjur:

| | | |
|------------------|-----------|--------------------|
| Sjóður frá f. á. | | kr. 104,08 |
| Sýsluvegagjald | | — 285,00 |
| Skuld sjóðsins | | — 17,47 kr. 406,50 |

Gjöld:

| | | |
|--------------------|-----------|----------|
| Kostnaður sjóðsins | | — 406,50 |
|--------------------|-----------|----------|

II. Norðurmúlasýsla.

Tekjur:

| | | |
|----------------------------|-----------|----------------------|
| Sýsluvegagjald | | kr. 915,00 |
| Lán tekið á árinu | | — 2000,00 |
| Skuld við reikningshaldara | | — 199,22 kr. 3114,22 |

Gjöld:

| | | |
|--------------------------|-----------|---------------------|
| Borguð skuld frá f. á. | | kr. 1650,86 |
| Annar kostnaður sjóðsins | | — 1463,36 — 3114,22 |

150

III. Suðurmúlasýla:

Tekjur:

| | |
|---------------------------|-----------------------|
| Sjóður frá f. á | kr. 1261,41 |
| Sýsluvegagjald | — 1263,75 kr. 2525,16 |

Gjöld:

| | |
|--------------------------------|----------------------|
| Kostnaður sjóðsins | kr. 1540,89 |
| Sjóður til næsta árs | — 984,27 kr. 2525,16 |

II. Austurskaptafellssýsla:

Tekjur:

| | |
|--------------------------|------------|
| Sýsluvegagjald | kr. 268,75 |
|--------------------------|------------|

Gjöld:

| | |
|------------------------------------|--------------------|
| Borguð skuld frá f. á | kr. 15,30 |
| Annar kostnaður sjóðsins | — 211,00 |
| Sjóður til næsta árs | — 42,45 kr. 268,75 |

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 23. júlí 1897.

Páll Briem.

Embættisskipan.

30. septbr. var *yfirrjettarmálaferslumaður Eggert Briem* settur af landshöfðingja til þess að þjóna á eigin ábyrgð *sýslumannsembættinu í Skagafjarðarsýslu*, frá 1. oktbr. 1897 að telja

Styrkur handa aukalækni.

23. septbr. var *læknaskólakandidat Ólafí Thorlacius* veittur styrkur sem *lækni í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu*, frá 1. október 1897 að telja.

Heiðursmerki.

1. september voru *prófastur í Árnessprófastsdæmi síra Valdimar Briem* og *skólastjóri Torfi Bjarnason* í Ólafsdal allramildilegast sæmdir riddarakrossi Dannebrogssorðunnar.

S. d. var *Hallgrímur hreppstjóri Jónsson* á Staðarfelli sæmdur heiðursmerki dannebrogsmanna.

Óveitt embætti,

er ráðgjafinn fyrir Íslandi sjer um veitingu á því.

Hjeradslæknisembættið í 13. læknishjeradi Íslands. Árslau: 1500 kr.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, verða þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863, að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi skilyrði fyrir því að þeir kunni íslenska tungu.

Auglýst laust 17. septbr. 1897.

Umsóknarfrestur til 14. desbr. 1897.